

Bæjarstjórn - 1901

FUNDARBOÐ

**1901. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 21.
desember 2022 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2212332 - Samkomulag um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk

Til afgreiðslu.

2. 2109732 - Umdæmisráð barnaverndar

Lögð fram til afgreiðslu ný samþykkt um fullnaðarafgreiðslur barnaverndarþjónustu.

3. 2212184 - Lántaka 2022

9.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15. desember sl.
Guðmundur Sverrisson staðgengill sviðsstjóra fjármálasviðs mætir til fundarins.
Bæjarráð samþykkir framlagðan lánasamning og vísar í bæjarstjórn til staðfestingar.

Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn samþykki eftirfarandi lántöku eins og gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun:

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins: Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 950.000.000,-, með lokagjalddaga þann 20. mars 2039, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir sveitarfélagsins og kaup á félagslegu húsnæði sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Rósu Guðbjartsdóttur, kt. 291165-3899, bæjarstjóra, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út,

og afhenda hvers kyns skjöl, fyriræli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:

Fyrir liggur að heimildir um kaup/byggingu félagslegra íbúða í Hafnarfirði eru langt í frá fullnýttar á yfirstandandi ári - aðeins 123 milljónir af 500 milljónir. Þetta sýnir enn og aftur fullkomið áhugaleysi meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á því verkefni að bjóða þennan valkost í húsnæðismálum fyrir Hafnarfirðinga. Áhugaleysi meirihlutans var svo staðfest við afgreiðslu fjárhagsáætlunar þegar heimildir til kaupa/bygginga félagslegra íbúða voru lækkaðar um helming eða í 250 milljónir. Þetta er gert þótt brýn þörf sé fyrirbyggjandi eins og langir biðlistar eftir félagslegu húsnæði eru til vitnis um.

4. 2206176 - Erindisbréf ráða og nefnda 2022-2024, endurskoðun

1.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 14.desember sl.
Lögð fram drög að erindisbréf fræðsluráðs.

Fræðsluráð samþykkir framlagt erindisbréf og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

5. 2212155 - Heimagreiddslur

3.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 14.desember sl.
Lögð fram drög að reglum um heimagreiddslur.

Fræðsluráð samþykkir meðfylgjandi reglur um heimagreiddslur og vísað til bæjarstjórnar til frekari samþykkis. Foreldrar geta þá frá og með áramótum sótt um heimagreiddslur með börnum frá 12 mánaða aldri. Upphæðin er sú sama og niðurgreiðsla með börnum hjá dagforeldrum. Með þessu er komið til móts við óskir foreldra um fleiri leiðir til að brúa bilið frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til barn hefur skólagöngu í leikskóla

6. 1903112 - Dagforeldrar reglur og gjaldskrá

4.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 14.desember sl.
Lögð fram drög að breytingum á reglum um greiddslur vegna dvalar barna úr Hafnarfirði hjá dagforeldrum.

Fræðsluráð samþykkir breytingu á reglum um greiddslur vegna dvalar barna úr Hafnarfirði hjá dagforeldrum og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

7. 22111277 - Suðrhella 9, mhl.01, breyting á deiliskipulagi

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 15.desember sl.
Verksýn ehf. sækir 24.11.2022 um breytingu á deiliskipulagi Selhrauns suðurs. Tillagan snýr að snúning á byggingarreit og tveimur inn/út keyrslum bætt við frá götu, nýtingarhlutfall lækkar.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Selhrauns suðurs og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

8. 2205256 - Stekkjarberg 11, lóðarstækkun

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 15.desember sl.
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Stekkjarbergs 11. Tillagan gerir ráð fyrir þremur tveggja hæða fjölbylishúsum samtals að hámarki 26 íbúðum.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Setbergs vegna Stekkjarbergs 11 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Fundargerðir

9. 2201211 - Fundargerðir 2022, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 15.desember sl.
Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 14.desember sl.
Fundargerð fræðsluráðs frá 14.desember sl.
a. Fundargerð íþrótt- og tómstundanevndar frá 6.desember sl.
Fundargerð fjölskylduráðs frá 13.desember sl.
Fundargerð bæjarráðs frá 15.desember sl.
a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 30.nóvember sl.
b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 7.desember sl.
c. Fundargerð stjórnar SSH frá 5.desember sl.
Fundargerð forsetnefndar frá 19.desember sl.

10. 2208236 - Bæjarstjórn, starfsumhverfi 2022-2026

1.liður úr fundargerð forsetanefndar frá 19.desember sl.

Forsetanefnd samþykkir samhljóða að leggja til við bæjarstjórn að fyrsti fundur bæjarstjórnar á nýju ári verði miðvikudaginn 18. janúar nk.

Með því er gert ráð fyrir að fyrsta reglulega fundarvika ráða á nýju ári hefjist mánudaginn 9. janúar nk.

19.12.2022

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri